

## Vísir 2.7 Skerðing víðerna

### Ástæða fyrir vali á vísir

Við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar var fjallað um landslag og sjónræn áhrif. Þar er jafnframt fjallað um þá skerðingu sem mannvirki Kárahnjúkavirkjunar munu valda á víðernum hálendisins. Í umræðum um virkjunina ber skerðingu víðerna mjög oft á góma.

Skilgreining á því hvað séu ósnortin víðerni er ekki einföld, því í raun hefur búseta í landinu raskað stórum hluta hálendisins með einum eða öðrum hætti. Aðgengi að hálendinu er fyrst og fremst með vegum, brúm og slóðum fyrir vélknúin farartæki, sem skerða ósnortin víðerni og skálar fyrir ferðamenn og gangnamenn valda einnig slíkri skerðingu. Þá má einnig segja að víðerni séu ekki ósnortin ef orðið hafa verulegar breytingar á gróðurfari og uppblástur af völdum ofbeitar.

Í umfjöllun um skerðingu víðerna vegna Kárahnjúkavirkjunar var farin sú leið að miða við niðurstöður starfshóps á vegum umhverfissráðuneytisins sem skipaður var í kjölfar samþykktar Alþingis frá 12. maí 1997 um varðveislu ósnortinna víðerna. Niðurstaða starfshópsins var tekin upp í lögum um náttúruvernd frá árinu 1999 og þar er hugtakið „ósnortið víðerni“ skilgreint þannig:

„Landsvæði sem er a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.“

Eftir að Kárahnjúkavirkjun verður komin í rekstur munu frekari breytingar á skilgreindum víðernum á svæðinu væntanlega einkum tengjast ferðaleiðum og ferðamennsku, því breytingar eru ekki fyrirhugaðar á mannvirkjum virkjunarinnar.

## Hvað er mælt?

a) Skerðing víðerna í km<sup>2</sup> miðað við skilgreiningu í náttúruverndarlögum (áhrif framkvæmda: óbein).

## Áætlun um vöktun:

a) Nýtt víðerniskort verður búið til eftir 2007 og síðan aftur ef þörf er á vegna frekari breytinga á svæðinu. Upplýsingum verður safnað eins oft og þörf er á.

## Markmið:

Flatarmál víðerna mun ekki skerðast eftir lok byggingartíma (á árinu 2007).

## Innlegg í umræðu vinnuhóps:

- Er þessi vísir mikilvægur?
  - Af hverju?
- Er hann viðeigandi?
  - Ná ofangreindar mælingar og vöktunaráætlun að fanga upplýsingar um væntingar, áhyggjur eða óskastöðu sjálfbærnisins?
- Er hægt að gera betur?
  - Er hópurninn með tillögu eða hugmynd um framhald?

## Leiðbeiningar með korti:

Á [meðfylgjandi korti](#) (efri myndin á bls 3) er sýnd niðurstaða starfshóps umhverfisráðuneytisins um ósnortin víðerni umhverfis Vatnajökul og á hálendinu norðan hans. Grænu svæðin tákna ósnortin víðerni. Norðan Vatnajökuls eru það tiltekna ferðaleiðir og skálar sem skerða víðernin á hálendinu og augljóslega er það matsatriði hvaða ferðaleiðir teljast skerða víðerni og hverjar ekki. Leiðirnar inn að Snæfellsskála og inn að Sigurðarskála í Kverkfjöllum teljast skerða víðerni og þar með er t.d. Snæfell og nánasta umhverfi þess ekki ósnortið víðerni. Vatnajökull og samfelld ósnortin víðerni umhverfis hann eru samkvæmt þessari mynd um 14.500 km<sup>2</sup>.

Neðri myndin sýnir skerðingu víðerna vegna Kárahnjúkavirkjunar. Sú skerðing er annars vegar vegna Háslóns, um 460 km<sup>2</sup>, og hins vegar vegna Jökulsárveitu og mannvirkja á Múla og Hraunum, 275 km<sup>2</sup>. Alls er skerðing vegna virkjunarinnar um 735 km<sup>2</sup>. Umferð um Brúardalaleið á sumrin hefur aukist mikið eftir að framkvæmdir hófust og hringleið opnaðist milli Fljótsdal og Jökuldals yfir hálendið og yfir brú á Jökulsá á Dal við Kárahnjúka. Því hefur víðerni á þessu svæði verið skert um 90 km<sup>2</sup> til viðbótar vegna vegabóta og aukinnar umferðar á Brúardalaleið.

